

Skipulagsstofnun  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 29. maí 2020  
UST202005-125/B.S.  
10.05.03

**Efni: Mat a umhverfisáhrifum - stækkun Eskifjarðarhafnar. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða stækkun Eskifjarðarhafnar til vestur frá núverandi hafnarsvæði. Ný landfylling verður  $6.550 \text{ m}^2$ , gerður verður viðlegukantur og leiðigarður til að beina framburði fallvatna frá hafnarsvæðinu. Ráðgerð er dýpkun við höfnina og er ráðgert að fjarlægja allt að  $137.000 \text{ m}^3$  af efni sem reynt verður að nýta til annarra framkvæmda. Fyllingaefni bak við stálþil er áætlað  $23.000 \text{ m}^3$  og verður það efni tekið úr nánum á hafssbotni annars vegar við Mjóeyrarhöfn og hins vegar undan Eyri í Reyðarfirði, en fjallað hefur verið um báðar þessar námu í því ferli sem nú stendur yfir vegna stækkunar hafnarinnar. Grjót og efni í kjarna verður sótt í opna námu við Skuggahlíð í Norðfirði.

Um er að ræða framkvæmd innan þéttbýlis á Eskifirði í framhaldi af núverandi mannvirkjum á svæði sem að hluta hefur verið raskað. Talið er að botndýralíf á svæðunu sé fábreytt og áhrif á lífríki verði óveruleg. Allt efni til framkvæmdarinnar verður tekið úr nánum sem ýmist hafa farið í mat á umhverfisáhrifum eða eru opnar og með framkvæmdaleyfi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Greinargerðin er nokkuð góð.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur